



NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

„Stöðumat og valkostir um stefnu ríkisins í mannauðsmálum“

Nr. S-85/2025 í samráðsgátt stjórnvalda
á vefnum Ísland.is 6.–30. maí 2025

1. ÞÁTTTAKA

	Einstaklingar	Lögaðilar
Umsagnaraðilar	Björgvin Filippusson fyrir hönd KOMPÁS þekkingarsamfélagsins	Alþýðusamband Íslands Bandalag háskólamanna BSRB Félag forstöðumanna ríkisstofnana Kennarasamband Íslands Landssamtökin Þroskahjálp Samtök atvinnulífsins Viðskiptaráð Íslands
Samtals	1	8

Ekki var sent út sérstakt boð þar sem óskað var eftir umsögnum.

Önnur skjöl málsins, allar umsagnir og upplýsingar um umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið:

<https://island.is/samradsgatt/mal/3970>

2. SJÓNARMÍÐ OG VIÐBRÖGÐ VIÐ UMSÖGNUM

Almennt lýsa umsagnaraðilar ánægju með og taka undir mikilvægi þess að ríkið móti og gefi út stefnu í mannauðsmálum. Vísað er til umsagnanna sjálfra til að fá gleggri mynd af athugasemdum og ábendingum.

Umsagnirnar voru hafðar til hliðsjónar við frekari mótun og útgáfu á stefnu ríkisins í mannauðsmálum ásamt aðgerðaáætlun.

Margir umsagnaraðilar lýstu sig reiðbúna fyrir frekara samtal og voru þeir aðilar boðaðir á fund í ráðuneytinu 10. september sl. þar sem umsagnirnar gáfu tilefni fyrir frekara samtal.

Eftirfarandi aðilar voru boðaðir: Landsamtökin Þroskahjálp, Alþýðusamband Íslands, Viðskiptaráð Íslands, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Bandalag háskólamanna, Samtök atvinnulífsins, BSRB og Kennarasamband Íslands

Á fundinum voru kynnt drög að stefnu ríkisins í mannauðsmálum ásamt aðgerðaáætlun þar sem tekið hafði verið tillit til umsagna.

Nokkur sameiginleg þemu var að finna í umsögnunum sem og sem jafnframt komu fram á fundi í ráðuneytinu. Nánari útlistun á þemunum má sjá hér að neðan ásamt viðbrögðum ráðuneytisins.

Þörf fyrir mælikvarða og mælaborð. Ráðuneytið tekur undir með umsagnaraðilum og endurspeglast það í aðgerð sem miðar að því að skilgreina mælikvarða og koma á fót mælaborði yfir mannauð ríkisins.

Tengsl við réttindi starfsfólks og kjarasamninga. Stefna ríkisins í mannauðsmálum fjallar hvorki um réttindi starfsfólks né kjarasamninga.

Stuðningur og þörf fyrir miðlægan upplýsingavef fyrir stjórnendur og mannauðsfólk.

Mannauðstorg ríkisins var opnað 2022 en þar er að finna upplýsingar og leiðbeiningar um mannauðs- og launamál hjá ríkinu. Ráðuneytið tekur þó undir að auka þurfi samstarf, þekkingu og getu stofnana til að sinna mannauðsstjórnun og verður að finna aðgerð í aðgerðaáætlun sem snýr að því að efla stuðning.

Störf fyrir fólk með skerta starfsgetu. Hluti af lykilviðfangsefnum í stefnu ríkisins í mannauðsmálum er aukin áhersla á fjölbreytileika, jafnrétti og inngilding. Jafnframt er að finna aðgerð í aðgerðaáætlun sem snýr að því að móta mælikvarða varðandi fjölbreytileika, jafnrétti og inngilding.

Breytingar á vinnulöggjöf. Um er að ræða stefnu ríkisins í mannauðsmálum og heyrir vinnulöggjöf ekki þar undir.

Öryggi. Fram komu athugasemdir við það að EKKO mál (EKKO - einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi) væru ekki sérstaklega nefnd í stöðumatinu. Öryggi var því bætt við sem hluti af lykilviðfangefni sem snýr að vinnustaðamenningu. Aðgerð í aðgerðaáætlun miðar að því að til verði leiðbeinandi viðmið um samskiptasáttmála og áhersla sé á aðkomu starfsfólks við gerð slíks sáttmála.

Mönnun í stofnunum. Ábendingar komu fram varðandi mönnun og mannaflaspá. Í aðgerðaáætlun er aðgerð sem snýr að því að mótað verði viðmið um mannaflaspá sem stofnanir geti stuðst við í sinni starfsemi.

Nýliðabjálfun. Bent er á mikilvægi nýliðabjálfunar og tekur ráðuneytið undir það sjónarmið. Finna má aðgerð í aðgerðaáætlun sem leggur áherslu á nýliðabjálfun.

Starfsþróun, íslenskukennsla og aukin hæfni. Í umsögnum kom fram áhersla á að stjórnvöld setji sér markmið um sí- og endurmenntun. Jafnframt komu fram á fundinum í ráðuneytinu vangaveltur um hvers vegna íslenskukennsla er ekki nefnd í stöðumatinu. Í aðgerðaáætlun er að finna tvær aðgerðir þar sem hæfni er til umfjöllunar. Önnur aðgerðin snýr að því að skilgreina lykilhæfni þvert á á ríkið en hin aðgerðin er um leiðbeinandi hæfnispá.

Betri nýtingar skattfjár og betri þjónustu við almenning. Þjónustan er í forgrunni. Hluti af markmiðum og áherslum í stefnunni snúa að tilgangsdrifnum störfum og verkefnum. Að skýr tilgangur sé í störfum og verkum, þ.e. skýr tenging við tilgang þjónustunnar á hverjum tíma. Jafnframt er markmið sem snýr að aðlögunarhæfni sem miðar að því að stofnanir og starfsfólk sé í stakk búin til að takast á við breytingar í starfsemi og þjónustu.